

KLAMYDÍA Á MEÐGÖNGU

Klamydía er baktería sem smitast auðveldlega. Algengasta smitleið er við kynmök og frá móður til barns í fæðingu. Bakterían getur því fundist í leghálsi, legi, eggjaleiðurum, þvagrás, endaþarmi, augum.

Ekki er talin ástæða til að skima allar konur á meðgöngu. Rétt er að vera vakandi fyrir einkennum og útbreiðslu sjúkdómsins og taka alltaf sýni þegar ástæða er til að greina hann eða útiloka. Klamydía er algengust í aldurshópnum undir 25 ára. Því er ástæða til að bjóða þessum hópi skimun.

Sýking með klamydiu getur verið með eða án einkenna. Hún getur verið lengi til staðar þannig að ekki er hægt að fullyrða um tíma frá smiti eða smittilvik þegar sýking greinist.

HELSTU EINKENNI:

- Blæðing frá leghálsi
- Óþægindi frá þvagrás/blöðru
- Verkir í kvið
- Útferð frá sýkingarstað

Ekki eru þekktar alvarlegar afleiðingar sýkingar á meðgöngu, en smit getur leitt til sýkingar í legi eftir fæðingu og slímhimnubólgu í augum hjá nýbura (hjá 10-15% barna smitaðra mæðra) eða lungnabólgu hjá nýbura í 10% tilvika.

SÝNATAKA OG RANNSÓKN:

Hjá konum má taka stök frá leggöngum eða leghálsi. Notaður er sýnapinni sérstaklega ætlaður klamydiu og lekanda. Pinninn er settur hálfur upp í leggöng og strokið eftir veggjunum og getur ljósmóðir eða konan sjálf gert þetta. Ef konan er í kvenskoðun má taka stök frá leggöngum eða leghálsi.

Einnig má taka þvagsýni. Mikilvægt er að það sé rétt tekið og á réttum tíma. Konan á ekki að þvo sér að neðan og þvag þarf að hafa verið **minnst 2 klst.** í blöðrunni. Notað er fyrsta þvag fyrir sýnið og aðeins u.þ.b. fyrstu 10 ml. annars þynnist smitefnið út. Klára þvaglát í salernisskál. Taka síðan þvag af þessum 10 ml með pipettu og setja í sýnatökuglasið upp að marki sem á því er .

Rannsóknin er PCR mögnun og sýnið þolir vel flutning við stofuhita. Mælt er erfðaeftirklamydíu og lekanda úr sama sýninu. Svar oft tilbúið næsta dag.

MEDFERÐ:

Á fyrsta þriðjungi er mælt með Amoxicillini 500 mg x 3 í 7 daga.

Eftir fyrsta þriðjung má einnig nota Zitromax 1 g x 1 en ekki mælt með því á 1. þriðjungi vegna tengsla þess við hjarta- og æðagalla fósturs.

Meðferð er endurgjaldslaus skv. Sóttvarnarlögum.

ALMENNT:

Klamydía fellur undir sóttvarnarlög og flokkast þar með kynsjúkdómum. Hún er tilkynningarskyldur sjúkdómur þ.e. upplýsingar eru settar á [eyðublað frá Landlækni](#) og sendar til sóttvarnarlæknis.

Gert er ráð fyrir að sá sem greini sjúkdóminn upplýsi viðkomandi um sóttvarnarlög og kanni smitleiðir. Hafa í huga möguleika á smiti af öðrum kynsjúkdómi.

Ekki er almennt þörf á að kanna árangur meðferða, en ef sýni er tekið til eftirlits er það gert eftir nokkrar vikur.

MÆÐRAVERND ÞÍH, ENDURSKOÐAÐ JANÚAR 2020